

PKB  
HGH  
MDA  
JG

## Lög Íþróttafélagsins Þingeyings

### I. Kafli. Heiti félags og tilgangur

#### 1. gr.

Félagið heitir Íþróttafélagið Þingeyingur. Heimili þess og varnarþing er í Norðurþingi. Félagssvæðið er við Öxarfjörð.

#### 2. gr.

Félagið er aðili að Héraðssambandi Þingeyinga sem er héraðssamband innan Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands og Ungmennafélags Íslands. Félagið starfar samkvæmt lögum þessara heildarsamtaka.

#### 3. gr.

Tilgangur félagsins er iðkun íþróttta, og að halda uppi hvers konar félagsstarfi og annari starfsemi félagsmönnum til góða.

### II. kafli. Félagsaðild

#### 4. gr.

Félagi getur hver sað orðið sem þess óskar og samþykkir að starfa í samræmi við gildandi lög og reglur félagsins.

Auk þess skulu allir iðkendur á vegum félagsins teljast fullgildir félagar. Allir þeir sem taka að sér störf í stjórnum og ráðum félagsins verða sjálfkrafa félagsmenn. Enginn getur tekið þátt í móti fyrir hönd félagsins án þess að vera fullgildur félagi í því.

Aðalstjórn skal halda skrá yfir alla meðlimi félagsins svo séð verði á hverjum tíma hverjir eru fullgildir félagar.

#### 5. gr.

Skylt er hverjum félagsmanni, 18 ára og eldri, að greiða árgjald til félagsins. Árgjöld félagsins skulu ákveðin á aðalfundi ár hvert. Árgjöld renna í aðalsjóð.

#### 6. gr.

Úrsögn úr féluginu skal tilkynna stjórn. Félagar sem ekki hafa greitt félagsgjald tvö ár í röð hafa fyrirgerð öllum rétti sínum innan félagsins og skulu strikaðir út af félagsskrá. Þó hefur félagið rétt til að krefja þá um áfallin félagsgjöld.

### III. Kafli. Stjórn félagsins

#### 7. gr.

Aðalstjórn félagsins skipa fimm einstaklingar, formaður, ritari, gjaldkeri og tveir meðstjórnendur sem kosnir eru á aðalfundi félagsins. Formaður er kosinn til eins árs en aðrir stjórnarmenn til tveggja ára. Kjósa skal um hvert embætti fyrir sig. Stjórn kýs sjálf varaformann úr sínum hópi. Úr stjórn ganga annað árið ritari, annar meðstjórnandi og formaður en gjaldkeri, hinn meðstjórnandi og formaður hitt árið. Að auki er aðalfundi heimilt að kjósa two varamenn til eins árs í senn.

WKB  
Hett  
MPJ  
JG  
DZ

#### 8. gr.

Aðalstjórn félagsins fer með málefni félagsins milli aðalfunda, framkvæmir samþykktir félagsfunda og hefur yfirumsjón með starfsemi félagsins.

Formaður boðar til stjórnar- og félagsfunda og stjórnar þeim, þó er honum heimilt að tilnefna sérstaka fundarstjóra. Formanni er skyld að boða til stjórnarfunda ef meirihluti stjórnarmanna óskar þess, enda geti þeir fundarefnis. Varaformaður aðstoðar formann í stjórnarstörfum og tekur sæti hans í forföllum.

Ritari heldur gjörðabók félagsins og ritar fundargerðir.

Gjaldkeri innheimtir tekjur og greiðir gjöld félagsins. Gjaldkeri heldur reikninga félagsins og starfar náið með formanni.

Meðstjórnendur aðstoða aðra stjórnarmenn í störfum þeirra.

Varamenn, ef kosnir, skulu jafnan boðaðir til stjórnarfunda og hafa þar málfrelni og tillögurétt.

Varamenn taka sæti í aðalstjórn ef einhver stjórnarmaður forfallast.

#### 9. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Á aðalfundi skal kjósa einn skoðunarmann reikninga.

#### 10. gr.

Aðalstjórn félagsins er heimilt að skipa í starfsnefndir milli aðalfunda er þurfa þykir.

Komi fram skrifleg ósk um stofnun deilda innan félagsins skal aðalstjórn erindið afgreitt af aðalstjórn sem ræður niðurstöðu umsóknarinnar. Hver deild skal hafa sér fjárhag og stjórn sem skipuð er a.m.k. 3 einstaklingum: formanni, gjaldkera og ritara sem kjörnir eru sérstaklega á aðalfundi viðkomandi deildar. Deildir vinna eftir lögum félagsins og gefa formanni skýrslu um störf sín á árinu fyrir aðalfund ár hvert.

### IV. Kafli. Félagsfundir

#### 11. gr.

Aðalfundur félagsins hefur æðsta vald innan félagsins og ákvörðunarrétt í öllum í málefnum þess.

Aðalfund skal halda fyrir 1. apríl ár hvert.

Auglýsa skal aðalfund með almennri auglýsingu eða á annan ótvíraðan hátt með a.m.k. viku fyrirvara. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað.

Rétt til setu á aðalfundi með málfrelni og tillögurétt hafa allir félagar.

Atkvæðisrétt og kjörgengi til stjórnarstarfa hafa allir félagar.

Að auki getur stjórnin boðið öðrum aðilum að sitja fundi ef hún telur ástæðu til og hafa þeir þá málfrelni og tillögurétt.

#### 12. gr.

Kynna skal í aðalfundarboði ef fyrir liggja tillögur að lagabreytingum. Skulu tillögurnar liggja frammi hjá aðalstjórn félagsins. Tillögur félagsmanna um lagabreytingar félagsins þurfa að berast aðalstjórn í síðasta lagi 31. desember.

#### 13. gr.

Dagskrárlíðir á aðalfundi skulu vera:

RKP HGTH  
MM JT  
SDY

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram
3. Reikningar félagsins lagðir fram
4. Umræður um skýrslu stjórnar og afgreiðsla ársreikninga
5. Inntaka og úrsagnir úr féluginu
6. Ákvörðun árgjalda
7. Lagabreytingar
8. Kosning stjórnar samkvæmt 7. grein og skoðunarmanns skv. 9. grein.
9. Kosning starfsnefnda, ef þurfa þykir
10. Önnur mál

#### 14. gr.

Aðalstjórn félagsins getur boðið til almenns félagsfundar þegar hún telur nauðsynlegt. Skyld skal henni að boða til almenns félagsfundar ef 10% félagsmanna, hið minnsta, óska þess. Óskir um félagsfund skulu berast aðalstjórn skriflega auk þess sem tilgreina þarf fundarefnni það sem ræða skal. Á félagsfundi má ekki gera lagabreytingar. Félagsfund skal boða á sama hátt og aðalfund.

#### 15. gr.

Á fundum félagsins ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum mála. Kosningar skulu vera skriflegar og leyнilegar sé þess óskað. Séu atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða. Breytingar á lögum félagsins verða aðeins gerðar á lögmætum aðalfundi með atkvæðum 2/3 hluta atkvæðisbærra félagsmanna hið minnsta.

### V. Kafli. Önnur ákvæði

#### 16. gr.

Hætti félagið störfum af einhverjum ástæðum skal stjórnin boða til fundar og geta þess í fundarboði að til standi að leggja niður starfsemi þess. Verði þá ákveðið að slíta féluginu skal afhenda sveitarstjórn Norðurþings eignir þess til varðveislu og ávöxtunar þar til nýtt félag með svipuðu markmiði hefur risið á svæðinu. Hafi ekkert félag með svipuðu markmiði risið upp á félagssvæðinu innan 10 ára skal sveitarstjórn verja eignunum og vöxtum af þeim til íþróttu- og skólamála á félagssvæðinu.

Ef deild hefur verið óstarfhæf í 2 ár, þ.e. ekki skilað inn bókhaldi og starfsskýrslu til stjórnar, renna eignir hennar og fjármunir sjálfkrafa til aðalstjórnar.

#### 17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á stofnfundi íþróttafélagsins Þingeyings, 9. júní 2021.